

Vopnafjarðarhreppur  
Sigurður Jónsson  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 6. maí 2024  
UST202404-271/A.B.  
10.04.00

## Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 - Nýtt veiðihús í landi Hofs við Hofsá

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026 sem geri ráð fyrir fyrirhuguðu veiðihúsi við Hofsá og efnisnámmum vegna framkvæmdanna.

Í greinargerð kemur fram að skilgreindur er reitur fyrir verslun - og þjónustu og minnkar landbúnaðarland sem því nemur. Auk þess segir að áætluð stærð lóðarinnar sé 2,2 hektarar. Á lóðinni á að reisa tvær byggingar veiðihús og starfsmannahús þar sem heildarflatarmál bygginga er áætlað um 1.300 m<sup>2</sup>. Einnig segir að í húsunum verður veitinga- og gistaðstaða fyrir allt að 25 gesti ásamt herbergjum fyrir starfsfólk. Gera þarf nýja veltengingu að lóðinni og byggingunum. Ný veltenging yrði gerð við Hofsárdalsveg en þaðan væru um 1,6 km frá afleggjaranum að Hofi og Staðarholti, og um 1,7 km frá afleggjaranum að Teig.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Ríkey Kjartansdóttir  
**sérfræðingur**